



KENNARASAMBAND  
ÍSLANDS



# STOFNANASAMNINGUR

Verkmenntaskólans á Akureyri  
og  
félaga í Kennarasambandi Íslands

Gildir frá 1. janúar 2023 – 1. janúar 2025



# 1. Inngangur

Stofnanasamningur þessi er hluti af kjarasamningi og er meðal annars ætlað að tryggja þróun og stuðla að skilvirkara launakerfi sem tekur mið af sýn, þörfum og verkefnum skólans og starfsmanna hans. Hann er sérstakur samningur milli skólans og félagsmanna KÍ um útfærslu tiltekinna þátta kjarasamningsins að þörfum stofnunar og starfsmanna með hliðsjón af eðli starfsemi, skipulagi og/eða öðru því sem gefur skólanum sérstöðu.

Í þessum samningi er störfum við kennslu, náms- og starfsráðgjöf og stjórnun raðað í launaflokka og þrep. Samningurinn er gerður af samstarfsnefnd skólans skv. 11. kafla miðlægs kjarasamnings.

Viðræður um stofnanasamning fara fram undir friðarskyldu.

## 2. Gildissvið

Samningur þessi nær til félagsmanna KÍ sem starfa við Verkmenntaskólann á Akureyri. Samningurinn var gerður 2006, endurskoðaður í maí 2007, júní 2010, október 2017 með gildistöku frá 1. ágúst 2017. Fjórða endurskoðun fór fram á haustönn 2021 og byrjun árs 2022 með gildistöku 1. janúar 2022. Fimmta endurskoðun fór fram í janúar 2023.

## 3. Markmið

Meginmarkmið samningsins er að taka mið af sérstöðu stofnunarinnar sem m.a. felst í fjölbreyttu námsframboði og breiðum nemendahópi. Í því felst að kennarar og stjórnendur búi yfir víðtækri þekkingu og reynslu. Samstarfsnefnd skólans setur sér jafnframt eftirfarandi markmið í samræmi við almenn markmið stofnanasamninga:

- Samningurinn endurspeglar jafnréttisstefnu skólans en þar segir m.a. að kynjum sé ekki mismunað við úthlutun verkefna, ákvörðun launa og við ákvarðanir á starfsaðstæðum.
- Hraða launaframgangi nýliða í starfi
- Stuðla að jákvæðu og uppbyggilegu starfsumhverfi
- Ákvarðanir um launaröðun séu teknar með gagnsæjum og málefnalegum hætti.
- Umbuna fyrir viðbótar- og endurmenntun starfsmanna
- Starfsfólki sé umbunað fyrir sérverkefni
- Launakerfi skólans stuðli að nýsköpun og framþróun í skólastarfi
- Efla samkeppnishæfni skólans og laða að nýtt starfsfólk
- Styðja við stefnur skólans
- Efla og styrkja starfsfólk í starfi alla starfsæfina

## 4. Röðun til launa - kennarar

### 4.1. Röðun í launaflokka og þrep - menntun

- Kennari sem hefur fagmenntun til að geta kallast framhaldsskólakennari, iðnmeistari, BA, BS eða önnur próf sem teljast jafngild, ásamt kennsluréttindum, grunnraðast í **launaflokk 4**. Leiðbeinandi raðast í grunnraðast í launaflokk 3.

VNV  
GUM  
H.H  
BEN  
SAR  
AMJ  
OSI

Til viðbótar eru eftirfarandi röðunartilefni út frá **menntun**:

- Kennari með tvö BA eða BS próf raðast einum flokki hærra ef hvort próf er 180 ECTS einingar. Það sama á við ef kennari er með BA/BS próf en er að auki með iðnmeistararéttindi þá raðast sá einum flokki hærra.
- Meistaragráða, MA, MS eða samsvarandi prófgráður, hver meistaragráða gefur 1 lfl.
- Doktorspróf 1. lfl.
- 2 þrep til viðbótar fyrir BA/BS háskólagráðu - hámark 2 þrep.
- 1 þrep til viðbótar fyrir heildstæða viðbótarmenntun í háskóla (a.m.k. 30-60 ECTS einingar), iðnfræðingur, sveinspróf eða önnur viðbótarmenntun sem skólinn nýtir.
- 1 þrep: Iðnmeistararéttindi í a.m.k. tveimur iðngreinum og/eða vélfræðingur með full réttindi frá Siglingastofnun Íslands, auk meistararéttinda.

*\*Til viðmiðunar er að greitt er þrep fyrir heildstætt diplómanám 30-60 ECTS einingar. Hver meistaragráða er metin til 1 flokks hið mesta. Hafi hún verið tekin í tveimur hlutum og viðkomandi hlotið diplómagráðu (30-60 ECTS einingar), getur viðkomandi sótt um launahækkun sem svarar 1 þrepi. Ljúki hann seinni hluta námsins færir hann upp í flokk en niður um þrep. Sá sem er með þrep fyrir sveinspróf í viðbótarmenntun og klárar síðar iðnmeistaragráðu færir hann upp í flokk en niður um þrep.*

#### 4.2. Röðun í launaflokka og þrep - Áhrif starfsreynslu á röðun kennara í launaflokk og eða þrep.

Kennslureynsla af öðrum skólastigum eru metin til fulls. Heimilt er að telja starfsreynslu af almennum vinnumarkaði sem kennslureynslu og meta til launa. Hér er átt við sértæka, fagbundna starfsreynslu sem nýtist skólanum og reynslu **eftir** að háskólanámi/sveinsprófi er lokið. Tvö ár eftir sveinspróf/háskólapróf í fullu starfi teljast sem eitt ár í kennslureynslu. Öllum ágreiningi sem kann að hljóta af útreikningi á framangreindu skal vísað til samstarfsnefndar.

Til viðbótar eru eftirfarandi röðunartilefni út frá **reynslu**:

- 1 árs kennsluferill 1 lfl.
- 2 ára kennsluferill **í VMA** 1 lfl.
- 6 ára kennsluferill 1 lfl.
- 12 ára kennsluferill 1 lfl.
- 1 þrep eftir 15 ára ferill **í VMA**

#### Reynsla iðnmeistara við upphaf starfs í VMA

- 1 þrep 5 ára reynsla sem iðnmeistari í eigin rekstri eða stýrt deild í iðninni.
- 1 þrep til viðbótar fyrir meira en 10 ára reynslu sem iðnmeistari í eigin rekstri eða stýrt deild í iðninni.

Reynsla í stjórnun í VMA í 100% starfi.

- 1 þrep fyrir 5 ára reynslu við stjórnun og/eða náms- og starfsráðgjöf í VMA

VAZ  
Gym  
H.H  
BEN  
STD  
AMM  
O.81

### 4.3. Persónubundnir þættir

#### 4.3.1. Endurmenntun/starfsþróun/skólaþróun 1 þrep

**Skilyrði fyrir veitingu þreps:** Nám/námskeið sem nýtist í starfi. Einingabært nám (ECTS), námskeið, fræðsluerindi/fyrirlestrar, ráðstefnur, þátttaka í erlendum samstarfsverkefnum, námsferðir og annað sérhæft nám. Umsækjandi sér alfarið um að halda utan um gögn sín og koma upplýsingum til rekstar- og fjármálastjóra. Skila þarf inn þremur tilefnum á síðustu tveimur árum og er staðan tekin í upphafi anna. Námskeið/starfsþróun á vegum skólans og á starfstíma skóla teljast ekki til útreikninga í þessari endurmenntun/starfsþróun. Uppfært er vegna námskeiða tvisvar á ári. Skiladagur er 20. ágúst fyrir haustönn (gildir frá 1. ágúst) og 20. janúar fyrir vorönn (gildir frá 1. janúar).

Öllum ágreiningi sem kann að hljóta af framangreindu skal vísað til samstarfsnefndar.

### 4.4. Röðun vegna sérstakra verkefna

#### Eftirfarandi verkefni gefa tilefni til röðunar í launaflokka eða álagsþreps:

Brautarstjórn, fagstjórn, önnur verkefnisstjórn sem er samfelld yfir starfstíma skólans. Um starfslýsingar, starfstíma og klukkustundir á önn vísast í gæðahandbók.

- Brautarstjóri raðast einum launaflokki ofar en ella.
- Fagstjóri raðast einum launaflokki ofar en ella.
- Kennari sem hefur umsjón með nýnemum raðast einu álagsþrepi ofar en ella.
- Umsjónarkennarar nemenda á starfsbraut raðast einu álagsþrepi ofar en ella.
- **Verkefnastjóri með stjórnunarhlutfall undir 50%** raðast einum launaflokki ofar en ella (t.d. skólahjúkrunarfræðingur, forvarnarfulltrúi).
- Fyrir **tímabundin verkefni** sem samið er um fyrir fram við skólameistara og gefa ekki tilefni til launaröðunar skal greitt með starfshlutfalli, tilteknum tímafjölda á önn eða með ákveðnum fundaeiningum.
- **Þátttaka í nefndum og ráðum á vegum skólans.** Kennarar sem sitja fundi skólanefndar, í skólaráði og í öryggisnefnd fá greiddar fundaeiningar fyrir setna fundi. Fulltrúar í skemmtinefnd fá greiddar að hámarki 15 fundaeiningar á önn. Gert er upp í lok annar samkvæmt fundagerðum.

## 5. Röðun til launa - náms- og starfsráðgjafar

### 5.1. Röðun í launaflokka og þrep

Náms- og starfsráðgjafi grunnraðast í

9. lfl.

#### Menntun

Diplómamenntun í námsráðgjöf

1 þrep

Meistaragráða í námsráðgjöf

1 lfl.

VAV  
GUM  
H.H  
BEN  
S.H  
AMM  
OSI

## Viðbótarmenntun umfram tilskilda menntun

Meistaragráða til viðbótar við náms- og starfsráðgjöf	1 lfl.
Doktorsnám	1 lfl.
Kennsluréttindi	1 þrep
Diplóma 30-60 ECTS einingar	1 þrep

*\*Til viðmiðunar er að greitt er þrep fyrir heildstætt diplómanám 30-60 ECTS einingar. Hver meistaragráða er metin til 1 flokks hið mesta. Hafi hún verið tekin í tveimur hlutum og viðkomandi hlotið diplómagráðu (30-60 ECTS einingar), getur viðkomandi sótt um launahækkun sem svarar 1 þrepi. Ljúki hann seinni hluta námsins færir hann upp í flokk en niður um þrep. Leyfisbréf framhaldsskólakennara (diplóma) er metið sem 1 þrep. Hægt er að meta aðra viðbótarmenntun sem skólinn nýtir til þreps.*

## Áhrif starfsreynslu á röðun náms- og starfsráðgjafa í launaflokk og eða þrep.

Reynsla í náms- og starfsráðgjöf og/eða kennslu á öðrum skólastigum er metin til fulls. Heimilt er að meta starfsreynslu af almennum vinnumarkaði til launa sem starfsreynslu í upphafi starfs. Hér er átt við sértæka, fagbundna starfsreynslu sem nýtist skólanum og á við reynslu eftir að háskólanámi er lokið. Tvö ár eftir háskólapróf í fullu starfi teljast sem eitt ár í starfsreynslu við upphaf starfs í VMA. Öllum ágreiningi sem kann að hljóta af útreikningi á framangreindu skal vísað til samstarfsnefndar.

Til viðbótar eru eftirfarandi röðunartilefni út frá reynslu:

- 1 árs starfsferill 1 lfl.
- 2 ára starfsferill í VMA 1 lfl.
- 6 ára starfsferill 1 lfl.
- 12 ára starfsferill 1 lfl.
- 1 þrep eftir 15 ára ferill í VMA

## 5.2. Persónubundnir þættir

**Endurmenntun/starfsþróun/skólaþróun** 1 þrep

**Skilyrði fyrir veitingu þreps:** Nám/námskeið sem nýtist í starfi.

Einingabært nám (ECTS), námskeið, fræðsluerindi/fyrirlestrar, ráðstefnur, þátttaka í erlendum samstarfsverkefnum, námsferðir og annað sérhæft nám. Umsækjandi sér alfarið um að halda utan um gögn sín og koma upplýsingum til rekstar- og fjármálastjóra. Skila þarf inn þremur tilefnum á síðustu tveimur árum og er staðan tekin í upphafi anna. Námskeið/starfsþróun á vegum skólans og á starfstíma skóla teljast ekki til útreikninga í þessari endurmenntun/starfsþróun. Uppfært er vegna námskeiða tvisvar á ári. Skiladagur er 20. ágúst fyrir haustönn (gildir frá 1. ágúst) og 20. janúar fyrir vorönn (gildir frá 1. janúar).

Öllum ágreiningi sem kann að hljóta af framangreindu skal vísað til samstarfsnefndar.

Handwritten notes and signatures in the bottom right corner, including "H.H. GUM", "STO BEN", "AMJ", and "087".

## 6. Röðun til launa - stjórnendur

### 6.1. Röðun starfsheitis

Sviðsstjóri grunnraðast í	11 lfl.
Áfangastjóri grunnraðast í	13 lfl.
Aðstoðarskólameistari grunnraðast í	15 lfl.
Brautarstjóri starfsbrautar	9 lfl.
Verkefnastjóri	9 lfl.

### 6.2. Viðbótarmenntun umfram tilskilda menntun

Meistaragráða	1 lfl.
Doktorspróf	1 lfl.

Viðbótarmenntun, a.m.k. 30-60 ECTS einingar 1 þrep

*\*Til viðmiðunar er að greitt er þrep fyrir 30-60 ECTS einingar í heildstæðu diplómanámi. Hver meistaragráða er metin til 1 flokks hið mesta. Hafi hún verið tekin í tveimur hlutum og viðkomandi hlotið diplómagráðu (30-60 ECTS einingar), getur viðkomandi sótt um launahækkun sem svarar 1 þrepi. Ljúki hann seinni hluta námsins færast hann upp í flokk en niður um þrep. Hægt er að meta aðra heildstæða viðbótarmenntun sem skólinn nýtir til þreps.*

### 6.3. Viðbótarröðun vegna starfsreynslu

#### Áhrif starfsreynslu á röðun stjórnenda í launaflokk og/eða þrep.

Reynsla í stjórnun og/eða kennslu á öllum skólastigum er metin til fulls. Heimilt er að meta starfsreynslu af almennum vinnumarkaði til launa sem starfsreynslu í upphafi starfs. Hér er átt við sértæka, fagbundna starfsreynslu sem nýtist skólanum og á við reynslu eftir að háskólanámi er lokið. Öllum ágreiningi sem kann að hljótast af útreikningi á framangreindu skal vísað til samstarfsnefndar.

#### Röðunartilefni út frá reynslu:

1 árs starfsreynsla	1 lfl.
6 ára starfsreynsla	1 lfl.
Eftir 2 ára starf sem stjórnandi í VMA	1 lfl.
Eftir 15 ára starf í VMA	1 þrep

### 6.4. Persónubundnir þættir - Endurmenntun/starfsþróun/skólaþróun 1 þrep

**Skilyrði fyrir veitingu þreps:** Nám/námskeið sem nýtist í starfi.

Einingabært nám (ECTS), námskeið, fræðsluerindi/fyrirlestrar, ráðstefnur, þátttaka í erlendum samstarfsverkefnum, námsferðir og annað sérhæft nám. Stjórnandi sér alfarið um að halda utan um gögn sín og koma upplýsingum til rekstar- og fjármálastjóra. Skila þarf inn þremur tilefnum á síðustu tveimur árum og er staðan tekin í upphafi anna. Námskeið/starfsþróun á vegum skólans og á starfstíma skóla teljast ekki til útreikninga í þessari endurmenntun/starfsþróun. Uppfært er vegna

VAR  
H.H. GUM  
AWJ  
081

námskeiða tvisvar á ári. Skiladagur er 20. ágúst fyrir haustönn (gildir frá 1. ágúst) og 20. janúar fyrir vorönn (gildir frá 1. janúar).

## 8. Hlutverk samstarfsnefndar og meðferð ágreiningsmála

Hlutverk samstarfsnefndar felst í að annast gerð, endurskoðun og breytingar á stofnanasamningi s.s. vegna nýrra verkefna eða breyttrar vinnutilhögunar. Samstarfsnefndin heldur fundi 1-2 sinnum á skólaári og tekur fyrir erindi frá starfsmönnum eða stjórn stofnunar sem lúta að viðfangsefnum stofnanasamningsins og afgreiðir þau í samræmi við ákvæði kjarasamnings. Fulltrúar í samstarfsnefnd geta óskað eftir fundi í samstarfsnefnd ef þurfa þykir. Skólameistari boðar fulltrúa samstarfsnefndar á fundi.

Farið er með ágreiningsmál samkvæmt gr. 11.4.3.1 í kjarasamningi.

## 9. Gildistími og endurskoðun

Stofnanasamningurinn gildir frá 1. janúar 2023 og gildir til 1. janúar 2025. Ef forsendur breytast s.s. á miðlægum kjarasamningi á samningstímanum sem gefa tilefni til endurskoðunar fyrir 1 janúar 2025 mun samstarfsnefnd vinna að endurskoðun fyrir þann tíma.

## 10. Undirritun

Eyrarlandsholti 27.01. 2023

f.h. stofnunar


Undirritað af fulltrúum stofnunar:

f.h. félaga í KÍ

Undirritað af fulltrúum kennara/stjórnenda:



Sigríður Huld Jónsdóttir



Óskar Ingi Sigurðsson



Benedikt Barðason




Guðmundur Ingi Guðmundsson



Hrafnhildur Haraldsdóttir



Valgerður Dögg Oddudóttir Jónsdóttir



Anna María Jónsdóttir